



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur # 32

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: 15.04.2021 kl. 15:00

Mætt eru: Alexandra, Bjarni, Ragnar, Þórhildur, Sirrý, Ólafur, Kristjana

Fundarritari: Alexandra

Stjórnarmeðlimir:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓ)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is

Dagskrá fundar 15.04:

1. Undirbúningur fyrir aðalfund 21. apríl
2. Dagur Grænni byggðar 2. september
3. Nýir aðilar
4. Umsóknir – staða framkvæmdastjóra
5. Aðildagjöld - staðan
6. Önnur mál



1. Undirbúningur fyrir aðalfund 21. apríl

Farið yfir drög að **ársskýrslu**. Ávarp formanns, starfsemi stjórnar, aðildatal, færsla milli flokka, um rekstur og starfsemi, verkefni í vinnslu o.fl. Gríðarlegur fjöldi viðburða þrátt fyrir Covid, farið yfir gott samstarf með mörgum aðilum, og farið einnig yfir umfjöllun í fjölmiðlum, þátttöku í viðburðum græna stefnumótun og útgafið efni á árinu, Byggjum grænni framtíð. Eftir er að bæta við myndum, laga til útlit o.fl. Verður sent út til aðila í tengslum við aðalfund.

Ársreikningur er kominn í tölvupósti. Aðildagjöld standa í stað, en styrkir lækka frá árinu áður, sem var einstakt ár. Gera má ráð fyrir að nýr sjóður (u.þ.b. 100mkr) muni koma þar inn á næstu árum. Svipaður rekstrarkostnaður og árinu áður. Hagnaður frá árinu áður (tæpar 9mkr) var ráðstafað í verkefni og rannsóknir („tap“), svo að eigið óraðstafað fé er komið niður í það sem áður var (tæpar 3mkr). Ársreikningur sýnir fram á að leggja þarf áherslu á fjármögnun fram á við.

Kjör stjórnar var rædd og voru ýmis öflugir kandítatar hjá Reykjavíkurborg, HMS, Jáverk, Íslandsbanka o.fl. nefndir. Þrjú sæti verða til kjörs, þ.e. sæti Olgu, Kristjönu og Ólafs, en þau lýstu yfir áhuga á að sitja áfram ef vilji væri til þess. Búið er að finna fundarstjóra. Stjórn hittist hjá Verkís og situr saman á fundinum.

Starfsáætlun næsta árs var rædd; Ragnar er að undirbúa glærur fyrir aðalfund

- Byggjum grænni framtíð
- Dagur Grænni byggðar
- BREEAM – námskeið
- WGBC – aðild level 2
- Sækja um styrk í rannsóknarverkefni
- Morgunverðarfundir
- Þátttaka í viðburðum og stefnumótun
- Grænni byggð verðlaun? – FSR, HMS, RU. Kostar vinnu og fjármagn upp, dómsnefnd

Lagabreytingar voru ræddar, þ.e. breytingartillaga sem send verður út meðal boðaðra fundargesta.

2. Dagur Grænni byggðar 2. september

Farið var yfir stöðu dagskrár á degi Grænnar byggðar nk. haust. Fundarstjóri Elín Hirst hefur samþykkt að vera fundarstjóri. Búið er að bóka nokkur erindi, m.a. Kristrún Tinna frá Íslandsbanka, Rósa Guðbjartsdóttir hjá Hafnarfjarðarbæ, Friðjón hjá Reitum. Verið er að athuga aðila hjá Jáverk verk, HMS, LHÍ, Landspítala, BM Vallá og fleirum.

3. Nýir aðilar

Eftirfarandi aðilar hafa sótt um aðild að Grænni Byggð: Steinselja ehf, Maison og Langeldur. Fáeinir aðrir aðilar hafa hækkað sig upp um aðildaflokk, t.d. BM Vallá.



4. Umsóknir – staða framkvæmdastjóra

27 hafa sótt um. Ragnar hefur farið yfir umsóknir og grófflokkað. Stjórnin fer yfir innsendingar og mun ráðningarnefnd kalla helstu kandiðata inn til viðtals. Í vinnslu.

5. Aðildagjöld - staðan

80% aðildagjalda hefur skilað sér, þ.m.t. allir í flokkum 1 og 2. Annað þarf að ganga á eftir.

6. Önnur mál

Norræn webinar – 22 .apríl (sumardagurinn fyrsti) – Finance – the driving force for sustainability - og 27. maí webinar um helmingun losunar frá byggingarefnum.

Orkufundur um orkuskipti á framkvæmdastað, LV, BGF/HMS.

Orkufundur með Veitum varðandi málþing í haust um orkunotkun – orkusparnaður í byggingum.

Beðið um þátttöku framkv.stjóra GB í ritstjórn BGF, verið að skoða fjármögnun þessa vinnuliðar. Vegvísir gefinn út maí/júní.

Til skoðunar fyrir stjórn og frkv.stjóra eftir aðalfund – framtakið Hefjum störf hjá Vinnumálastofnun, gæti reynst GB vel í starfsemi.

Fundi slitið 16:25